

49. Stjórnarfundur Fenúr.

26. febrúar 2003.

Mætt:

Gunnar Bragason
Elías Ólafsson

Björn Halldórsson
Guðmundur Tr. Ólafsson
Cees Myles

Ragna Halldórsdóttir
Guðmundur Friðriksson.

Staður og stund; Skrifstofa Endurvinnslunar hf. kl. 13:15.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Stafshópar.

MEFU, Björn greindi frá fundi sem hópurinn átti 21. febrúar, en þar voru markmið og tilgangur m.a. skilgreind. Björn kynnti tvo væntanlega viðburði; í ágúst væri að vænta ráðstefnu á vegum ITUT, ráðstefnan ætluð sem kynning á ITUT og þeirra hlutverki, en í mars væri haldin í Þýskalandi International compost ráðstefna og workshop. Samnorrænt lyktarverkefni sem Sorpa er aðili að var einnig kynnt á fundinum. Á fundinum var rædd sú hugmynd að skipuleggja hópferð á sýningu eða ráðstefnu erlendis á árinu.

Lagahópur. Guðmundi Friðrikssyni falin formenska hópsins og í framhaldi kynnt starf og forsaga hópsins.

3. Heimasíða.

Góðar undirtektir við nýja síðu. Verið að safna gögnum m.a. um flát. IKEA hefur sent ýtrarlegar upplýsingar.

4. Fréttabréf.

Formaður óskar eftir fréttabréfi fyrir aðalfund (fyrir 15. mars).

Efni; Cees -saga/úrdráttur, Guðmundur Tr. – merki, kynning á stafshópum, Gunnar – úrvinnslusjóður, Ragna/Gyða –heimasíða, aðalfundur –dagskrá ofl.

Gunnari falið að ræða við Gyðu um útgáfu fréttablaðsins.

5. Merkingamál.

Guðmundur Tr. kynnti tillögur Bros auglýsingarvörur að samningi um prentun límmiða. Ákveðið að greiða útistandandi reikning vegna filmugerðar, fá verð í límmiða miðað við 250 stk í gerð og ákveða stærð pöntunar (gto, BH, GB)

6. Lög um umbúðaúrgang, - kynningarfundur.

Þessum lið var sleppt.



7. Aðalfundur Fenúr. - 11. apríl/4. apríl 2003.

Haldin í Hlégarði, kynnisferð í Álfsnes.

Gerð reikninga í eðlilegum farvegi.

Stjórnarkjör rædd

Hækkun félagsgjalda um 20 %

Ráðstefna, efni:

- Úrvinnslusjóður
- Kjötmjöl
- Sóttmengun
- Lög um meðhöndlun úrgangs.- Guðlaugur.
- Urðunarstaðurinn Stafsnesi - Björn.

Fenúr verðlaunin, tilnefningar ræddar. Ragna leitar að verðlaunagrip.

Skipun úthlutunarnefndar Fenúr verðlaunanna.

Næsti fundur ákveðinn í viku 11.

Fundi slitið.